

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 139/548*  
*komudagur 1.12.2010*

Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. nóvember 2010  
2010110016/42-1-3  
TB  
jgo/tb

**Tillaga til þingsályktunar um olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi**

Við er til tölvupósts/bréfs frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 19. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsöng Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi, 71. mál. Lagt er til að fela iðnaðarráðherra að tryggja að nú þegar verði hafnar markvissar rannsóknir á því hvort olía eða gas finnst á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi. Leitað verði samstarfs við erlenda aðila um rannsóknir eftir því sem við á og við staðarval verði stuðst við fyrri rannsóknir.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur ekki afstöðu til þess hvort hafnar verði rannsóknir á því hvort olía eða gas finnist á landgrunni Íslands en leggur áherslu á að verði af slíkum rannsóknum þá verði þær ekki einskorðaðar við olíu og gasleit heldur verði einnig tryggt að safnað verði upplýsingum um lífríki á viðkomandi svæðum allt frá botndýralífi til lífríkis á yfirborði sjávar. Náttúrufarsrannsóknir eru nauðsynlegar vegna hugsanlegra umhverfisáhrifa olíu- og gas vinnslu.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

